



Síldarminjasafn Íslands ses  
Snorrágata 15, 580 Siglufjörður, kt. 661006-1530  
safn@sild.is – www.sild.is – s. 467 1604

## Ársskýrsla Síldarminjasafns Íslands ses. 2017

Rekstur safnsins gekk heilt yfir mjög vel á árinu. Safngestum fjölgaði lítillega, eða um 4% frá fyrra ári og voru þeir alls 26.000. Jafnframt hækkaði hlutfall erlendra gesta í 62% (sbr. 52% árið 2015). Forsvarsmenn safnsins una vel við aukninguna, sem taldi 1.000 gesti, sér í lagi í ljósi fréttu af nokkurri fækkun ferðamanna víða um land. Komur skemmtiferðaskipa voru tuttugu og tvær og heimsóttu farþegar safnið undantekningarlaust. Alls fóru fram 32 síldarsaltanir á planinu við Róaldsbrakka.

Skráning í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn, fór fram með skipulegum hætti. Mest áhersla var lögð á skráningu gripa í grunnsýningu Róaldsbrakka og skráningu á nýjum aðföngum. Tölusettar voru 94 nýskráningar í aðfangabók, en þær innihalda alls 130 gripi. Í Sarp voru skráðar 195 færslur, sem hver inniheldur eitt eða fleiri aðföng.

Í janúar lögðu safnstjóri og fagstjóri land undir fót og flugu til Gdansk í Póllandi í vikulanga fræðsluferð. Í Gdansk eru starfræktar höfuðstöðvar Sjóminjasafns Póllands sem starfar á landsvísu og hefur um 240 starfsmenn og sex starfstöðvar. Heimsóttar voru fjórar starfsstöðvar pólska safnsins; höfuðstöðvarnar í Gdansk og forvörsludeildin sem og starfsstöðvarnar í Tczew og Kały Rybackie. Þar ytra er mikil áhersla lögð á varðveislu og rannsóknir á sjóminjum og sér í lagi skipsflökum sem bjargað hefur verið úr hafi. Öll aðstaða forvarða og annarra starfsmanna er til fyrirmyndar. Heimsóknin var verulega lærdómsrík og fræðandi, ekki síst á sviði fyrirbyggjandi forvörslu, varðveislu og faglegra starfa. Seint í nóvember heimsóttu svo fjórir starfsmanna sjóminjasafnsins í Gdansk Siglufjörð og Síldarminjasafnið, kynntust starfsemi og héldu þar að auki örnámskeið í varðveislu sjóminja, sem var öllum opið. Samstarf safnanna tveggja hefur skapað góð tengsl og möguleika á frekari samvinnuverkefnum í framtíðinni.

Um mitt ár 2016 tók Síldarminjasafnið á móti Ljósmyndasafni Siglufjarðar. Til að undirbúa faglega vinnu við framtíðarvarðveislu og skráningu á ljósmyndasafninu átti Síldarminjasafnið á árinu í samstarfi við Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni. Samstarfið fól í sér vinnuskipti, en þrír starfsmenn Síldarminjasafnsins nutu leiðsagnar sérfræðinga á Ljósmyndasafni Íslands í eina viku í mars, þar sem verklag við varðveislu ljósmynda var kynnt sérstaklega, sem og forvörslusjónarmið, móttaka nýrra aðfanga og skráning þeirra. Í maímánuði komu starfsmenn Ljósmyndasafns Íslands norður á Siglufjörð og veittu ráðgjöf um forgangsröðun verkefna og aðstoðuðu við ýmis verkefni. Þess ber að geta að í Salthúsinu verður innréttuð sérstök ljósmyndageymsla, þar sem raka- og hitastigi verður stýrt og allar aðstæður eins og best verður á kosið.

Í apríl stóð Síldarminjasafnið fyrir námskeiði um bátavernd og viðgerð gamla trébáta. Námskeiðið stóð í fimm daga og fór fram í gamla Slippnum. Kennsla var í höndum Hafliða Aðalsteinssonar bátasmiðs og fólst bæði í fyrirlestrum sem og verklegri kennslu, þar sem nemendur tóku þátt í viðgerð á Gunnhildi ÓF18, afturbyggðum súðbyrðingi frá 1982 og Lóu, vestfirskum árabát úr furu frá 1930. Alls sóttu sex nemandur námskeiðið, bæði úr heimabyggð, úr hópi safnmanna og frá Iðnskólum í Reykjavík og Hafnarfirði. Stefnt er að framhaldsnámskeiði í október 2018.

Róaldsbrakki var málaður hátt og lágt á sumarmánuðum og þökin á Gránu og Vélasalnum sömuleiðis. Lokið var viðgerðum á húsgrind Salthússins, vestur- og norðurhliðar hússins klæddar og gengið frá dyra- og gluggakörmum. Viðgerð hússins að utan er að mestu leyti lokið, en enn á eftir að smíða hurðar, hluta af gluggum, hlera og stiga á vesturhlið hússins. Í nóvember hófust viðgerðir

innandyra. Gert var við gólfbita og burðarbita milli hæða, lagðar voru nýjar gólfplötur á efri hæðina og gamla gólfið frá 1893 hlaut endurnýjun lífdaga eftir mikið nostur smiðanna við viðgerðir á gólfborðunum sem voru endurlögð á þann hluta efri hæðarinnar sem ætlaður er til sýningarrýmis. Vinnu í Salthúsinu var haldið áfram fram yfir áramótin.

Olútankinn var tekinn í notkun sem hluti af sýningarrými Síldarminjasafnsins, í Tankanum fóru fram nokkrir viðburðir og tónleikar á árinu og verður hann notaður til bæði sýningahalds, viðburða og ýmissa gjörninga í framtíðinni.

Líkt og venja er bærust safninu ný aðföng og safngripir á árinu. Helst ber að nefna *Kríuna* í því sambandi. Bræðurnir Bjarni og Jónas Sigurjónssynir gáfu bátinn í minningu afa síns. Krían var smíðuð í Lofoten í Noregi skömmu fyrir aldamótin 1900. Báturinn er varðveittur í Bátahúsnu, ásamt ellefu öðrum, og er sá langelsti í eigu safnsins. Krían er hin glæsilegasta, var uppgerð á áttunda áratug síðustu aldar og hefur ekki verið siglt síðan.

Síðari hluta septembermánaðar fór árlegur Farskóli safnmanna fram á Siglufirði. Anita Elefsen safnstjóri sinnti hlutverki farskólastjóra. Yfirskrift skólans var „Söfn í stafrænni veröld“ og voru þátttakendur um 150, en aldrei fyrr hefur verið haldinn svo fjölmennur Farskóli. Um var að ræða þriggja daga ráðstefnu þar sem bæði fóru fram fyrirlestrar og fræðsla sem og vinnustofur og umræður um mikilvæg málefni safnastarfs. Þátttakendur fengu jafnframt tækifæri til að kynna sér ríka flóru menningarlífs á Siglufirði, en söfn, sýningar, vinnustofur og aðrir áfangastaðir voru heimsóttir í skoðunarferðum.

Í október hlaut Síldarminjasafnið Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu fyrir fegrun umhverfis og bætt aðgengi. Það var safninu mikill heiður að taka á móti verðlaununum, en gagngerar endurbætur voru gerðar á safnsvæðinu á árunum 2012-2013. Svæðið hefur nú tekið stakkaskiptum frá því sem áður var og skapar heildstæða mynd og veitir gott aðgengi milli safnhúsa. Það var mat dómnefndar að Síldarminjasafnið væri gott dæmi um frumkvöðlavinnu, þar sem menningar- og atvinnusaga bæjarfélags hefur orðið að aðdráttarafli fyrir ferðafólk og verið mikilvægur liður í að endurnýja bæjarbraginn.

Í lok árs barst safninu viðurkenningarskjal frá Reykjavík Grapevine þar sem tilkynnt var að safnið hefði hlotið verðlaun ferðatímarits Reykjavík Grapevine, 'Best of Iceland', sem besta safn á Norðurlandi.

Rekstur safnsins var nokkuð umfangsmikill á árinu og skilaði litlum hagnaði, eða 61 þúsund krónum. Veltan nam rúmlega 62 milljónum og áfram var greidd niður bankaskuld safnsins við Arion banka og er gert ráð fyrir að skuldin verði að fullu greidd um mitt næsta ár.

Siglufirði, 12. apríl 2018



Anita Elefsen, safnstjóri